

Samþykkt um sölu og matarvagna í Sveitarfélaginu Ölfus

Sölu og matarvagnar glæða bæjarfélagið lífi, eflir bæjarbrag og eykur við fjölbreytni í starfsemi og þjónustu. Samþykktinni er ætlað að tryggja að vel sé að þessum málaflokki staðið, sölustarfsemi sé í sátt við nærumhverfi sitt og að upplýsingar séu aðgengilegar og gagnsæjar.

Með söluvagni er átt við sölubifreið og/eða söluvagn þar sem afgreitt er út um söluop.

Staðsetning matarvagna í skemmri tíma en 7 daga s.s. vegna hátíða, viðburða eða annars er leyfisskyld. Skipulags- og byggingafulltrúi hefur umsjón með leyfisveitingum. Ekki er tekið gjald fyrir slíkt skammtímaleyfi.

Staðsetning matarvagna til lengri tíma er leyfisskyld og eru leyfi gefin út í tilgreindan fjölda mánaða af skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Ölfus. Reiknað er gjald fyrir hvern mánuð sem leyfið nær til, hvort sem leyfishafi nýtir þann tíma að fullu eða ekki. Gjald skal greitt fyrir fram fyrir allt tímabilið sem sótt er um.

Lágmarksgjald miðast við 1 mánuð. Leyfi eru veitt til að hámarki 12 mánaða í senn.

Almennar reglur um staðsetningu söluvagna

Matarvagnar mega ekki skerða öryggi og aðgengi gangandi, hjólandi og akandi umferðar eða birgja glugga annarra rekstraraðila á sölusvæðinu.

- Ávallt ber að gæta hreinlætis og er söluaðila skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé snyrtilegt.
- Leyfið er háð kvöð um að útlit söluaðstöðu falli vel í umhverfinu og að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi þar sem salan á að eiga sér stað.
- Lögð er áhersla á að söluvarningur sé viðbót við það vöruúrval sem fyrir er hjá þjónustuaðilum í bæjarfélaginu.
- Forsendur fyrir notkun á götum, torgum og landi bæjarins er að björgunaraðilar s.s. lögregla, slökkvilið og sjúkraflutningar hafi þar ávallt greiðan aðgang og viðunandi starfsskilyrði.
- Lágmarksfjarlægð frá inngangi næsta rekstraraðila með sambærilega vöru skal vera að minnsta kosti 10 metrar.
- Leyfishöfum langtímaleyfa er óheimilt að stunda starfssemi annars staðar en leyfið kveður á um.
- Tryggja skal að ekki hljótist mengun af starfseminni.
- Ekki er heimilt að framselja leyfi.

Umsókn um leyfi fyrir staðsetningu söluvagns

- Við úthlutun leyfa gildir sú meginregla að fyrstur kemur fyrstur fær. Séu fleiri en einn aðili áhugasamir um tiltekna staðsetningu fyrir matarvagn skal sá hafa forgang sem fyrstur óskaði eftir staðsetningunni við fulltrúa sveitarfélagsins. Aðeins er hægt að óska eftir einu leyfi í einu.
- Umsóknir um leyfi fyrir matarvagni skal senda á netfang sveitarfélagsins olfus@olfus.is
- Umsóknir um skammtímaleyfi skulu teknar fyrir af Skipulags- og byggingafulltrúa. Umsóknir um langtímaleyfi skulu teknar fyrir af Skipulags- og umhverfisnefnd.

Eftirfarandi þættir koma til skoðunar við samþykkt eða synjun umsókna:

1. Hversu sambærileg söluvara vagnsins er við söluvöru sem þegar er seld í bæjarfélaginu. Almennt skal miða við að söluvagnar auki vöruúrval í bæjarfélaginu.
2. Fjarlægð staðsetningar matarvagns frá sambærilegri vöru/þjónustu. Taka þarf tillit til nærliggjandi þjónustu.
3. Sé matarvagn að einhverju leyti í beinni samkeppni við þjónustu sem þegar er að finna í sveitarfélaginu eru áhrif þeirrar samkeppni minni eftir því sem umsókn nær til skemmri tíma. Taka skal mið af því við mat á hvort umsókn skuli samþykkt eða henni synjað.
4. Önnur atriði sem leyfisveitandi telur skipta máli.

Leyfisveitanda (Skipulags- og byggingafulltrúa eða Skipulags- og umhverfisnefnd) er falið mat á áðurnefndum þáttum. Almennt skal gæta samræmis í afgreiðslu leyfa en þó skal leyfishafi njóta svigrúms til að breyta áherslum eftir því sem reynsla kemst á leyfisveitingarferlið.

Afturköllun leyfis

Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla heimild til staðsetningar fyrir söluvagn ef reglum er ekki fylgt eða ef upplýsingar í umsókn reynast, eftir að starfsemi hefst, ekki hafa verið réttar.

Leyfishafi getur í engum tilvikum átt rétt til skaðabóta vegna afturköllunar leyfis, jafnvel þótt síðar sé leitt í ljós að ekki hafi verið rétt staðið að afturkölluninni eða hún ekki átt rétt á sér. Í slíkum tilvikum skal þó endurgreiða leyfisgjöld.